

## Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2018, miðvikudaginn 21. mars, kl. 9:13, var haldinn 225. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12-14, Ráðssal. Viðstödd voru: Hjálmar Sveinsson, Magnea Guðmundsdóttir, Torfi Hjartarson, Heiða Björg Hilmisdóttir, Sigurborg Ó Haraldsdóttir, Herdís Anna Þorvaldsdóttir, Örn Þórðarson og Ingvar Jónsson áheyrnarfulltrúi. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Örn Sigurðsson, Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Þorsteinn Hermannsson, Oddrún Helga Oddsdóttir og Marta Grettisdóttir. Kolbrún Jónatansdóttir og starfsfólk samgöngudeildar hjá umhverfis- og skipulagssviði sitja fundinn undir liðum 1-15. Ágústa Sveinbjörnsdóttir situr fundinn undir liðum 17-46. Kl. 10:00 vék Örn Sigurðsson af fundi, Ólöf Örvarsdóttir tók sæti á fundinum á sama tíma.

Fundarritari var Björgvin Rafn Sigurðarson.

### Þetta gerðist:

#### (E) Umhverfis- og samgöngumál

1. Samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu, skil samstarfshóps SSH og Vegagerðarinnar Mál nr. US180050

Lagt fram bréf stýrihóps Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu Vegagerðarinnar og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 5. mars 2018 ásamt tillögum stýrihópsins um samgönguframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu til ársins 2030. Hrafnkell Proppé svæðisskipulagsstjóri tók sæti á fundinum undir þessum lið og kynnir.

2. Kringlumýrarbraut milli Miklubrautar og Bústaðavegar, útfærsla hljóðveggja, göngu- og hjólastíga Mál nr. US180060

Kynning á útfærslu hljóðveggja og göngu- og hjólastíga við Kringlumýrarbraut milli Miklubrautar og Bústaðavegar. Kristín Ómarsdóttir fulltrúi Eflu tók sæti á fundinum undir þessum lið og kynnir.

3. Hleðsla rafbíla í borgarlandi erlendis -, kynning Mál nr. US180062

Kynning á hleðslu rafbíla í borgarlandi erlendis. Símon R. Unndórsson fulltrúi VSÓ ráðgjöf tekur sæti á fundinum undir þessum lið og kynnir

Guðmundur B. Friðriksson skrifstofustjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. Göngugötur, breytt fyrirkomulag til að liðka fyrir vörulosun Mál nr. US180057

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur og borgarhönnun, dags. 19. mars 2018 um bann við almennri umferð um göngugötusvæði á vörulosunartíma. Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Herdís Anna Þorvaldsdóttir og Örn Þórðarson sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Ólafur Ingibergsson tók sæti á fundinum undir þessum lið.

5. Laugavegur milli Barónsstígs og Frakkastígs, breytingar á bílastæðum Mál nr. US180058

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur og borgarhönnun, dags. 16. mars 2018 að breytingu á bílastæðum við Laugaveg milli Barónsstígs og Frakkastígs.

Samþykkt.

Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Herdís Anna Þorvaldsdóttir og Örn Þórðarson sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Ólafur Ingibergsson tók sæti á fundinum undir þessum lið.

6. Samgöngukerfi hjólreiða um höfuðborgarsvæðið, greining og mat fyrir áframhaldandi uppbyggingu. Mál nr. US180048  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lögð fram skýrsla Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu dags. 1. mars 2018 um samgöngukerfi hjólreiða um höfuðborgarsvæðið.  
Kynnt.

7. Hjólreiðaáætlun 2015-2020, helstu verkefni framundan Mál nr. US180051

Kynning á stöðu helstu verkefna Hjólreiðaáætlunar 2015-2020.  
Kynnt.

8. Rafhjól til útláns, kynning Mál nr. US180053

Kynning á útfærslu tilraunaverkefnis um útlán á rafhjólum til Reykvíkinga.  
Kynnt.

9. Stofnvegir í Reykjavík, umferðargreining í vinnslu Mál nr. US180056

Kynning á forsendum og stöðu áframhaldandi greiningar á völdum köflum stofnvegakerfisins í Reykjavík.  
Kynnt.

Kl. 11:40 vikur Örn Þórðarson af fundi.

10. Léttum á umferðinni, opið málþing um samgöngur í Reykjavík Mál nr. US180059

Kynning á dagskrá málþings um samgöngur í Reykjavík.  
Kynnt.

Kl. 11:45 tekur Björn Jón Bragason sæti á fundinum.

11. Bústaðavegur, hjólastígur milli Háaleitisbrautar og Kringlumýrarbrautar Mál nr. US180054

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur og borgarhönnun, dags. 16. mars 2018 ásamt tillögu Eflu dags. 1. mars 2018 að hjólastíg við Bústaðaveg milli Háaleitisbrautar og Kringlumýrarbrautar.  
Fulltrúar Samfylkingarinnar Hjálmar Sveinsson og Heiða Björg Hilmisdóttir, fulltrúi Bjartrar framtíðar Magnea Guðmundsdóttir, fulltrúi Vinstri grænna, Torfi Hjartarson og fulltrúi Pírata Sigurborg Ósk Haraldsdóttir og fulltrúi sjálfstæðisflokksins Herdís Anna Þorvaldsdóttir samþykkja framlagaða tillögu Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins Björn Jón Bragason greiddi atkvæði á móti tillögunni  
Vísað til borgarráðs.

12. Týsgata/Óðinstorg, einstefna/ stöðubann Mál nr. US180045

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssvið, samgöngur, dags. 8. mars 2018 þar sem lagt er til að Týsgata verði einstefna frá Skólavörðustíg til suðvesturs og að Þórsgata, milli Týsgötu og Óðinsgötu, verði einstefna frá Týsgötu til norðvesturs. Samhliða verði bílastæði á sama kafla Þórsgötu felld niður og stöðubann sett.

Fulltrúar Samfylkingarinnar Hjálmar Sveinsson og Heiða Björg Hilmisdóttir, fulltrúi Bjartrar framtíðar Magnea Guðmundsdóttir, fulltrúi Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs Torfi Hjartarson og fulltrúi Pírata Sigurborg Ósk Haraldsdóttir samþykkja tillögu umhverfis- og skipulagssviðs með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins Björn Jón Bragason greiddi atkvæði á móti tillögunni Fulltrúi sjálfstæðisflokksins Herdís Anna Þorvaldsdóttir situr hjá við afgreiðslu málsins og bókar:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Herdís Anna Þorvaldsdóttir og Björn Jón Bragason eru á móti fækkun bílastæða á þessu svæði og telja að betur hefði farið á að halda áfram með það fyrirkomulag sem fólst í verkefninu Torg í biðstöðu, s.s. torg á sumrin en bílastæði á veturna. Reynslan hafi sýnt fram á óverulega nýtingu á Óðinstorgi nema þegar veður er sérstaklega gott.

Í borg þar sem veðurfar er eins og við þekkjum þjónar það þörfum borgarbúa betur að geta nýtt svæðið undir bílastæði á þeim tíma sem veðurfarslega reynist erfiðara að nýta aðra samgöngumáta.

13. Kringlumýrarbraut, Miklabraut og nágrenni, hraðaminnkun Mál nr. US180049

Lagt fram bréf Hverfisráðs Hlíða dags. 12. mars 2018 varðandi hraðaminnkun sem og aðgerðir til að auka öryggi gangandi og hjólandi, við gatnamót Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar og aðra staði í nágrenninu.

Fulltrúar Samfylkingarinnar Hjálmar Sveinsson og Heiða Björg Hilmisdóttir Bollason, fulltrúi Bjartrar framtíðar Magnea Guðmundsdóttir, fulltrúi Vinstri grænna framboðs Torfi Hjartarson, fulltrúi Pírata Sigurborg Ósk Haraldsdóttir og fulltrúi Sjálfstæðisflokksins Herdís Anna Þorvaldsdóttir bóka: “Tekið er undir þau sjónarmið hverfisráðs Hlíða að stuðla þurfi að öryggi gangandi og hjólandi við þær stóru umferðaræðar sem liggja um hverfið og að bæta megi borgarumhverfið með hraðatakmarkunum. Hraður akstur um íbúðabyggð dregur úr lífsgæðum íbúa með hljóðmengun og svifryki, ógnar öryggi allra vegfarenda óháð ferðamáta en skapar ekki síst hættu fyrir þá sem velja vistvænar samgönguleiðir.”

14. Stöðubrot, þróun sl. 3 ár Mál nr. US180064

Kynnt þróun á fjölda stöðvunarbrotagjalda fyrir stæði hreyfihamlaða, almennra stæða og aukastöðugjalda sl. 3. ár.  
Kynnt.

15. Vorhreinsun gatna og stíga 2018, kynning Mál nr. US180063

Kynning á framkvæmd vorhreinsunar gatna og stíga í Reykjavík vorið 2018.  
Kynnt.

16. SORPA bs., fundargerð Mál nr. US130002

Lögð fram fundargerð SORPU bs. nr. 387 frá 16. mars 2018.

#### (A) Skipulagsmál

17. Afgreiðslufundir skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerðir Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur dags. 16. mars 2018.

18. Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, miðborgin, breyting á aðalskipulagi, markmið um göngugötur Mál nr. SN170909

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagsviðs dags. í mars 2018 að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er varðar markmið um göngugötur í miðborginni. Breytingartillagan felur einkum í sér endurbætur á núgildandi markmiðum aðalskipulags, þ.e. skerpingu á almennum markmiðum um göngugötur, ákveðnari skilgreiningar og skýrari afmörkun þess svæðis ákvæðin geta náð til. Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til borgarráðs.

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

19. Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, breytt afmörkun landnotkunar, breyting á aðalskipulagi Mál nr. SN180067

Að lokinni kynningu er lögð fram að nýju verklýsing umhverfis- og skipulagsviðs dags. febrúar 2018 vegna breytinga á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Í breytingunni felst breytt afmörkun landnotkunar fyrir samfélagsstofnanir og fleiri sambærilegar lagfæringar. Kynning stóð til og með 22. mars 2018. Eftirtaldir sendu inn umsagnir: Bláskógabyggð dags. 7. mars 2018, Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu dags. 12. mars 2018, Garðabær, dagd. 13. mars 2018 og Skipulagsstofnun, dags. 14. mars 2018. Einnig er lögð fram drög að tillögu umhverfis- og skipulagsviðs dags. í mars 2018 að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Í breytingunni felst að afmörkun landnotkunar er leiðrétt til samræmis við lóðamörk og núverandi notkun lóða. Samþykkt að kynna drög að tillögu, sbr. 2. mgr., 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Drögin verði send á hagsmunaaðila og verða aðgengileg á vef umhverfis- og skipulagsviðs.

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

20. Suður Mjódd, breyting á deiliskipulagi (04.91) Mál nr. SN180140

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagsviðs að breytingu á deiliskipulagi Suður Mjóddar. Í breytingunni felst í meginatriðum stækkun á lóðinni við Álfabakka 4, aukning á nýtingu og byggingarmagni ásamt því að hámarkshæð bygginga hækkar o.fl. auk uppfærðra kvaða um settjörn og legu rafstrengja skv. deiliskipulagsupprætti Teiknistofunnar Stórð ehf. dags. 2. mars 2018. Einnig er lagður fram skýringaruppráttur dags. 2. mars 2018 og greinargerð dags. 2. mars 2018. Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Jafnframt er samþykkt að falla frá fyrri samþykkt ráðsins frá 14. mars 2018. Vísað til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

21. Blikastaðavegur 2-8, breyting á deiliskipulagi (02.4) Mál nr. SN180147  
531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvegi 152, 104 Reykjavík  
581011-0400 Korputorg ehf., Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík

Lögð fram umsókn Arkís arkitekta ehf. f.h. Korputorgs ehf. dags. 1. mars 2018 ásamt bréfi dags. 1. mars 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 2-8 við

Blikastaðaveg. Í breytingunni felst að hluti ytri byggingarreits er skilgreindur sem byggingarreitur, samkvæmt uppdr. Arkís arkitekta ehf. dags. 1. mars 2018.  
Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Umhverfis- og skipulagsráð bókar: "Umhverfis- og skipulagsráð beinir því til lóðarhafa að við Blikastaðaveg 2 – 8 skuli fara að gildandi skilmálum deiliskipulags um að hlutfall gróðurþekju skuli vera að minnsta kosti 5% af flatarmáli bílastæða og að koma skuli fyrir trjágróðri við gangstíga milli bílastæða að byggingu. Lóðarhafi skuli einnig sjá um uppbyggingu og rekstur 7 metra breiðs gróðurbeltis á milli Vesturlandsvegur og lóðar."

Vísað til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

22. Vesturlandsvegur, nýtt deiliskipulag

Mál nr. SN160742

Lögð eru fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs og Vegagerðarinnar um nýtt deiliskipulag fyrir Vesturlandsveg. Afmörkun fyrirhugaðs deiliskipulags er frá sveitarfélagsmörkum við Mosfellsbæ að afleggjaranum inn í Hvalfjörð. Um er að ræða ca. 14 km kafla og helgunarsvæði hans. Markmið framkvæmda og skipulagsins er að vegurinn verði endurbættur til að auka umferðaröryggi og greiða fyrir umferð. Stefnt er að 2+1 vegi á stærstum hluta deiliskipulagsins og fækkun tenginga við þjóðveginn með gerð hliðarvega. Með skipulaginu þá næst jafnframt yfirlit yfir tengingar fyrir hliðarvegi, stíga og reiðleiðir auk fleiri umferðaröryggismála sem þarf að útfæra í skipulagi, skv. uppdr. Eflu og Landslags dags. 6. mars 2018. Einnig er lögð fram greinargerð, skilmálar og umhverfisskýrsla dags. 16. mars 2018 og fornleifaskráning Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 1. mars 2018.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

23. Kjalarnes, Árvellir, breyting á deiliskipulagi

Mál nr. SN180197

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Árvalla á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að vegna nýs deiliskipulags fyrir Vesturlandsveg er afmörkun skipulags Árvalla breytt þannig að þau miða við veghelgunarsvæði vegarins. Einnig breytist aðkoman að svæðinu, samkvæmt uppdrætti Landslags ehf., dags. 6. mars 2018.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

24. Kjalarnes, Grundarhverfi, breyting á deiliskipulagi

Mál nr. SN180201

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Grundarhverfis á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að vegna nýs deiliskipulags fyrir Vesturlandsveg er afmörkun skipulags Grundarhverfis færð til vesturs frá Vesturlandsvegi, samkvæmt uppdrætti Landslags ehf. dags. 6. mars 2018.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

25. Kjalarnes, Mógilsá, breyting á deiliskipulagi (34.2) Mál nr. SN180203

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Mógilsá Kollafjarðar á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að vegna nýs deiliskipulags fyrir Vesturlandsveg þá færast mörk lóðar Þ1 norðar á 150 m kafla. Samhliða því minnkar lóðin, heimilt byggingarmagn á reit A er aukið og skilmálum um leyfilega þjónustu breytt, samkv. uppdr. Landmótunar ehf. dags. 16. febrúar 2018. Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

26. Kjalarnes, Saltvík, breyting á deiliskipulagi Mál nr. SN180198

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Saltvíkur á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að vegna nýs deiliskipulags fyrir Vesturlandsveg er afmörkun skipulags Saltvíkur fært í suðvestur fjær Vesturlandsvegi og miðast við veghelgun vegarins. Einnig færast veltenging við Vesturlandsveg inn á nýjan hliðarveg, samkvæmt uppdrætti Landslags ehf. dags. 6. mars 2018. Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

27. Kjalarnes, Skrauthólar, breyting á deiliskipulagi (33.2) Mál nr. SN180199

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Skrauthóla á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að vegna nýs deiliskipulags fyrir Vesturlandsveg er afmörkun skipulags Skrauthólar færð austur fyrir Vesturlandsveg. Einnig er lega reiðleiðar færð austur fyrir Esjuveg og afmörkun græna trefilsins leiðrétt, samkvæmt uppdrætti Landslags ehf. dags. 6. mars 2018. Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

28. Kjalarnes, Vallá, breyting á deiliskipulagi Mál nr. SN180200

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Vallá á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að vegna nýs deiliskipulags fyrir Vesturlandsveg er afmörkun vesturhluta skipulags Vallá færð austar nær býlinu. Einnig er lega aðkomuvegar breytt vegna nýrra afkærra undirgangna undir Vesturlandsveg. Nýr hliðarvegur er áætlaður vestan við Litlu Vallá sem er ný tenging. Lega reiðleiðar er færð austur fyrir Esjuveg, samkvæmt uppdrætti Landslags ehf. dags. 6. mars 2018. Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

29. Borgartún 32, breyting á skilmálum deiliskipulags (01.232.0) Mál nr. SN170919

711296-5069 Borgartún ehf, Hegranesi 22, 210 Garðabær  
041247-7469 Rúnar Hauksson, Ásvallagata 16, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Rúnars Haukssonar f.h. Borgartúns 32 mótt. 12. desember 2017 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags fyrir lóð nr. 32 við Borgartún. Í breytingunni felst að byggingarmagn á lóð breytist, sökklar vesturhluta eldra húss undir plötu 1. hæðar breytast í geymslusvæði í kjallara og breyting verður á nýtingarhlutfalli lóðar, samkvæmt tillögu Teiknistofu Garðars Halldórssonar, húsameistara dags. 8. desember 2017.

Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs.

Samþykkt að falla frá grenndarkynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2.ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

30. Efstaleiti - RÚV reitur, breyting á (01.7) Mál nr. SN180170  
deiliskipulagi  
681015-5150 Skuggi 4 ehf., Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur

Lögð fram umsókn Helga Mars Hallgrímssonar f.h. Skugga 4 ehf. dags. 8. mars 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi RÚV reits. Í breytingunni felst breytingar á lóðum fyrir djúpgáma umhverfis lóðir A og B, djúpgámalóðum er fækkað, lóðir færðar til og ein djúpgámalóð er stækkuð, lóðir H og I eru fjarlægðar og breytist landsvæði þeirra í borgarland og lóð F stækkar, samkvæmtuppfærðum uppdr. Arkþings ehf. dags. 8. mars 2018.

Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs.

Samþykkt að falla frá grenndarkynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2.ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

31. Skólavörðustígur 36, breyting á (01.181.4) Mál nr. SN170465  
deiliskipulagi  
480915-1510 Arwen Holdings ehf., Seljavegi 2, 101 Reykjavík

Lögð fram að umsókn Arwen Holdings ehf. dags. 13. mars 2018 ásamt bréfi dags. 13. mars 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.181.4, Lokastígsreits 4, vegna lóðarinnar nr. 36 við Skólavörðustíg. Í breytingunni felst að auka byggingarmagn á 1. hæð að suðvestur lóðarmörkum, nýta þakhæð 1. hæðar að hluta sem þaksvalir og stækka og hækka stigahúsið, samkvæmt uppdr. ARKHD dags. 12. mars 2018.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

#### (B) Byggingarmál

32. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, Mál nr. BN045423  
fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 966 frá 20. mars 2018.

(D) Ýmis mál

33. Umhverfis- og skipulagsráð, Páskar 2018 Mál nr. US180041

Lagt er til að fundir umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur falli niður dagana 28. mars og 4. apríl 2018.

34. Kirkjusandur, málskot (01.34) Mál nr. SN180196  
450400-3510 VA arkitektar ehf, Borgartúni 6, 105 Reykjavík

Lagt fram málskot VA arkitekta ehf. f.h. lóðarhafa dags. 14. mars 2018 vegna afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 23. febrúar 2018 varðandi endurskoðun á A og B fermetrum á lóð D á Kirkjusandsreit. Einnig eru lagðar fram teikningar dags. 19. janúar 2018. Jafnframt er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. febrúar 2018.

Fyrri afgreiðsla skiplagsfulltrúa frá 23. febrúar 2018 staðfest.

35. Reykjavíkurflugvöllur, Flugskýli 1, Mál nr. SN180179  
undirbúningur friðlýsingar  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar dags. 14. febrúar 2018 þar sem erindi Minjastofnunar Íslands dags. 31. janúar 2018 um undirbúning friðlýsingar Flugskýlis 1 á Reykjavíkurflugvelli er vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. mars 2018.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. mars 2018 samþykkt.

Margrét Þormar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

36. Umhverfis- og skipulagssvið, Mál nr. US130045  
innkaupaskýrsla (USK2015020003)

Lagt fram yfirlit yfir viðskipti umhverfis- og skipulagssviðs við innkaupadeild í febrúar 2018.

37. Þjóðhildarstígur 2-6, kæra 41/2018 (04.112.2) Mál nr. SN180182  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 12. mars 2018 ásamt kæru dags. 10. mars 2018 þar sem kærð er útgáfa byggingarleyfis vegna viðbyggingar suðaustan megin að Þjóðhildarstíg 2-6. Jafnframt er gerð krafa um stöðvun framkvæmda.

Vísað til umsagnar skrifstofu sviðsstjóra.

38. Bolholt 6-8, kæra 35/2018 (01.251.2) Mál nr. SN180183  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 12. mars 2018 ásamt kæru dags. 4. mars 2018 þar sem kærð er útgáfa byggingarleyfis vegna breytinga á húsnæði að Bolholti 6-8.

Vísað til umsagnar skrifstofu sviðsstjóra.

39. Þrastargata 1-11, nr. 7B, kæra 38/2018 (01.553.1) Mál nr. SN180184  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 12. mars 2018 ásamt kæru dags. 7. mars 2018 þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúa Reykjavíkur frá 8. febrúar 2018 um að hafna að beita úrræðum 2. mgr. 55. gr. laganr. 160/2010 um mannvirki vegna kvista á norður- og suðurhlíð húss að Þrastargötu 7B, sem stendur á sameiginlegri lóð nr. 1-11 við Þrastargötu.



Vísað til umsagnar skrifstofu sviðsstjóra.

40. Árbæjarblettur 62/Þykkvibær 21, kæra (04.350.9) Mál nr. SN180136  
10/2018, umsögn  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 24. janúar 2018 ásamt kæru mótt. 22. janúar 2018 þar sem kærð er breyting á deiliskipulagi Árbæjar - Seláss vegna lóðarinnar Árbæjarblettur 62/Þykkvabær 21. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 13. mars 2018.

41. Reykjavíkurvegur 27, skipting lóðar (01.635.8) Mál nr. SN180041  
200980-4339 Steinunn Lukka Sigurðardóttir, Reykjavíkurvegur 27, 101 Reykjavík  
410612-0110 Trípólí sf., Klapparstíg 16, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 8 mars 2018 um samþykki borgarráðs s.d. vegna synjunar um að skipta lóðinni nr. 27 við Reykjavíkurveg í tvær lóðir.

42. Naustareitur, reitur 1.132.1, breyting á (01.132.1) Mál nr. SN180092  
deiliskipulagi

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 8. mars 2018 um samþykki borgarráðs s.d. vegna auglýsingar á breytingu á deiliskipulagi á Naustareit.

43. Austurheiðar, skipulagslýsing (04.4) Mál nr. SN170877

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 8. mars 2018 um samþykki borgarráðs s.d. vegna lýsingar á deiliskipulagi fyrir Austurheiði, útivistarsvæði.

44. Skógarhlíð 22, Þóroddsstaðir, breyting á (01.705.8) Mál nr. SN160912  
deiliskipulagi  
450406-0230 VERT ehf., Skógarhlíð 22, 105 Reykjavík  
470498-2699 Hornsteinar arkitektar ehf, Ingólfsstræti 5, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 8. mars 2018 um samþykki borgarráðs s.d. vegna auglýsingar á breytingu á deiliskipulagi Skógarhlíðar vegna lóðarinnar nr. 22 við Skógarhlíð.

45. Gamla höfnin - Alliance reitur, breyting á (01.0) Mál nr. SN160673  
deiliskipulagi

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 8. mars 2018 um samþykki borgarráðs s.d. á umsögn skipulagsfulltrúa vegna athugasemdar Skiplagsstofnunar á deiliskipulagi Alliance reits.

46. Fyrirspurn fulltrúa Framsóknar og (Mál nr. US180065  
flugvallarvina, byggingarleyfi á  
Landssímareit

Lögð fram eftirfarandi fyrirspurn fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina:

"Hefur leyfi verið veitt til byggingaframkvæmda sem fyrirhugað er að nái til Víkurgarðsins, hins forna kirkjugarðs Reykjavíkur, án þess að gætt hafi verið ákvæða laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993? Í 33. gr. laganna segir að ekki megi gera jarðrask í niðurlögðum kirkjugarði né reisa þar nein mannvirki en ráðuneytið geti veitt undanþágu frá þessu, að fengnu samþykki kirkjugarðaráðs. Hafi ráðuneytið ekki veitt undanþágu til þessa og kirkjugarðaráð ekki samþykkt slíkt verður að líta svo á að brotið hafi verið gegn framangreindu lagaákvæði með því að veita leyfi til byggingaframkvæmda í Víkurgarðinum. Að því gefnu að byggingarleyfið hafi ekki

fullnægjandi lagastoð af framangreindum ástæðum verða byggingaframkvæmdir stöðvaðar þar til leyst hefur verið úr þeim lagalegu álitaefnum sem þarna um ræðir?"  
Frestað.

Fleira gerðist ekki.

**Fundi slitið kl. 14:30**

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Hjálmar Sveinsson

Magnea Guðmundsdóttir  
Torfi Hjartarson  
Herdís Anna Þorvaldsdóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir  
Sigurborg Ósk Haraldsdóttir  
Björn Jón Bragason

## Afgreiðsla byggingarfulltrúa samkv. samþykkt nr. 161/2005

Árið 2018, þriðjudaginn 20. mars kl. 10:07 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 966. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Björgvin Rafn Sigurðarson, Sigrún Reynisdóttir, Nikulás Úlfar Músson, Halldóra Theódórsdóttir, Olga Hrund Sverrisdóttir, Óskar Torfi Þorvaldsson, Jón Hafberg Björnsson og Sigríður Maack Fundarritari var Björgvin Rafn Sigurðarson, Nikulás Úlfar Músson mætti kl. 12.32.

### Þetta gerðist:

#### Nýjar/br. fasteignir

- Aðalstræti 4** (01.136.501) 100591 Mál nr. BN054260  
680390-1189 Best ehf., Pósthólf 5378, 125 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN046609, um er að ræða texta um brunavarnir í byggingarlýsingu v/lokaúttektar í hóteli á lóð nr. 4 við Aðalstræti.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160/2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.
- Aðalstræti 6** (01.136.502) 100592 Mál nr. BN054259  
510907-0940 Reitir I ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík  
580294-3599 Miðjan hf., Hlíðasmára 17, 201 Kópavogur  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN046609, um er að ræða texta um brunavarnir í byggingarlýsingu v/lokaúttektar í hóteli á lóð nr. 6 við Aðalstræti.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160/2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
- Aðalstræti 8** (01.136.503) 100593 Mál nr. BN054261  
510907-0940 Reitir I ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík  
580294-3599 Miðjan hf., Hlíðasmára 17, 201 Kópavogur  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN046609, um er að ræða texta um brunavarnir í byggingarlýsingu v/lokaúttektar í hóteli á lóð nr. 4 við Aðalstræti.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160/2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
- Arnarhlíð 2 (Hlíðarendi 1-7)** (01.629.502) 220839 Mál nr. BN054208  
550416-0770 NH eignir ehf., Suðurlandsbraut 4a, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN048979, um er að ræða fjölgun á íbúðum og bílastæðum sem verða nú 142, fyrirkomulagi á geymslum breytt og útlit breytist lítils háttar á fjölbýlishúsi á lóð nr. 2 við Arnarhlíð.  
Erindi fylgir brunahönnun frá Eflu dags. í febrúar 2018 og minnisblað hönnuða dags. 5. febrúar 2018.  
Stærðir óbreyttar.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160/2010.  
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.  
Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífarnar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.

Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

5. **Bankastræti 14-14B** (01.171.202) 101383 Mál nr. BN054249  
600804-2350 Fákafen ehf., Fákafeni 11, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN051954 sem felst í því að eldhúsi á 4. hæð er breytt ásamt aðkomu að baðherbergjum auk þess sem leiðrétt er staðsetning eldvarnglers á 3. og 4. hæð í húsi á lóð nr. 14 við Bankastræti.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160/2010.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
6. **Blesugróf 12** (01.885.506) 108895 Mál nr. BN053956  
010764-2899 Pétur Ingason, Hesthamrar 13, 112 Reykjavík  
130482-3419 Magnús Þór Hjálmarsson, Lautasmári 3, 201 Kópavogur  
Sótt er um leyfi til að byggja parhús með geymslum og bílgeymslum í kjallara á lóð nr. 12 við Blesugróf.  
Stærðir: A-rými 294,0 ferm., 1.090,2 rúmm.  
Útskrift úr gerðabók embættis afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 5. janúar 2018 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. janúar 2018.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
7. **Borgartún 8-16A** (01.220.107) 199350 Mál nr. BN054302  
531114-0270 Höfðaíbúðir ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN047928, m.a. inngangshurðum á jarðhæð, fyrirkomulagi eldhúsa, stigleiðsla færð til, komið fyrir setlaug á svölum á 12. hæð, gluggum á 12. hæð breytt og rimlaverk fjarlægð af þaki fjölþýlishúss, merkt S1 og er mhl. 05 á lóð nr. 8-16A við Borgartún.  
Stækkun: 110,1 ferm., 163 rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160/2010.  
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.  
Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.  
Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífarnar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.  
Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu..  
Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við fokheldi.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.
8. **Borgartún 8-16A** (01.220.107) 199350 Mál nr. BN054380  
531114-0270 Höfðaíbúðir ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta skilgreiningu á íbúðum á 1. - 8. hæð, 38 íbúðir, sem gististað í flokki II, teg. íbúð, í fjölbýlishúsi á lóð nr. 8-16A við Borgartún.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

9. **Brautarholt 2** (01.241.201) 103019 Mál nr. BN053922  
670812-0810 Almenna C slhf., Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta kennslusvæði í veitingaeldhús og í skrifstofurými verður komið fyrir kaffibrennslu í kaffihúsi á jarðhæð í rými 0101 í húsi á lóð nr. 2 við Brautarholt.  
Bréf frá hönnuði um um loftræstingu frá staðnum vegna eldhúss og kaffibrennslu dags. 4. desember 2017 fylgir erindi.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
10. **Breiðhöfði 13** (04.030.101) 110517 Mál nr. BN054240  
520402-2410 Vagneignir ehf., Vagnhöfða 23, 110 Reykjavík  
691209-1480 Tvíhorf sf., Brúarvogi 1-3, 104 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053724 sem felst í að stækka stálgrindarviðbyggingu um 3 metra til norðurs og hækka um 23 cm á lóð nr. 13 við Breiðhöfða (áður Eirhöfða 2-4).  
Stækkun: 123,4 ferm., 1.549,5 rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160/2010.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.  
Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.  
Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.  
Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.
11. **Bræðraborgarstígur 16** (01.134.221) 100347 Mál nr. BN054239  
530104-3380 Stólpar ehf., Nesbala 114, 170 Seltjarnarnes  
Sótt er um leyfi til að sameina matshluta 01 og 02 í matshluta 01 bæta við stiga í norðurhluta frá 1. hæð í rými 0102 upp á 2. hæð rými 0202, koma fyrir búningsaðstöðu í kjallara og breyta gluggum á norðvesturhlíð á húsi á lóð nr. 16 við Bræðraborgarstíg.  
Umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 07. mars. 2018 fylgir.  
Gjald kr. 11.000 + 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160/2010.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
12. **Dalbraut 12** (01.344.501) 104042 Mál nr. BN054211  
500300-2130 Landspítali, Eiríksögðu 5, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja anddyri við norðurinnangang mhl. 01 og skábraut við vesturinnangang sama mhl. á lóð nr. 12 við Dalbraut.

Stækkun: 10,6 ferm., 29,6 rúmm.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda eldvarnareftirlits.

13. **Dunhagi 18-20** (01.545.113) 106483 Mál nr. BN052641  
510209-0440 D18 ehf., Borgartúni 24, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja inndregna 4. hæð, byggja viðbyggingu við fyrstu hæð og kjallara, minnka og fjölga íbúðum úr 8 í 20, koma fyrir lyftu utan á húsinu og sorpgerði fyrir verslunarrými innan í rými 0106 á lóð nr. 18 - 20 við Dunhaga.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 16. júní 2017 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. júní 2017.  
Útskrift úr gerðabók fundar umhverfis- og skipulagsráðs frá 15. nóvember 2017 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. október 2017, (13. nóvember 2017).  
Erindið var grenndarkynnt frá 22. ágúst 2017 til og með 3. október 2017 fyrir hagsmunaaðilum að Dunhaga 19, 21,23. Fálkagötu 29, Arnargötu 14. Tómasarhagi 28, 32, 34, 36,38, 40, 42,44, 46. Hjarðarhaga 27, 29, 31 og 33.  
Eftirtaldir aðilar sendu inn athugasemdir: Ásta Logadóttir, dags. 24. ágúst 2017 og 3. október 2017, Hildur Þórisdóttir, dags. 10. september 2017, Eyþór Mar Halldórsson, dags. 11. september 2017, Ásdís Schram, dags. 18. sept. 2017, Sólveig K. Jónsdóttir f.h. eigendur og íbúa að Hjarðarhaga 27, dags. 27. september 2017, Áslaug Árnadóttir hdl. f.h. hagsmunaaðila, dags. 2. október 2017 og Einar Ólafsson, dags. 3. október 2017.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 15. desember 2017 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. desember 2017.  
Stækkun viðbyggingu kjallara, 1. hæð og 4 hæð : 903,0 ferm., 2.459,0 rúmm.  
Gjald kr. 11.000 + 11.000 + 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160/2010.  
Þinglýsa skal kvöð um að ekki megi byrgja fyrir glugga á 1. hæð verslunarhúsnæðis, áður en byggingarleyfi er gefið út.  
